

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 237/2023**

**frá 22. september 2023**

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2305 frá 24. nóvember 2022 um endurnýjun á samþykki fyrir áhættulitla virka efninu fisklýsi, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2314 frá 25. nóvember 2022 um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu Pythium oligandrum af stofni M1, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 <sup>(2)</sup>.
- 3) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*1. gr.*

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirliðum er bætt við lið 13a (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011):

„— **32022 R 2305:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2305 frá 24. nóvember 2022 (Stjtið. ESB L 305, 25.11.2022, bls. 53),

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 305, 25.11.2022, bls. 53.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 307, 28.11.2022, bls. 47.



Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Pascal Schafhauser***

*formaður*